

## Hópuppsagnir í janúar 2010 *2. febrúar 2010*

Vinnumálastofnun bærur 4 hópuppsagnir í janúarmánuði þar sem sagt var upp 60 manns. Um er að ræða fyrirtæki í mannvirkjagerð og upplýsinga- og útgáfustarfsemi. Ástæður uppsagnanna eru verkefnaskortur, endurskipulagning, rekstrarerfiðleikar og minni fjárframlög til opinbers rekstrar.

Þessar hópuppsagnir koma til framkvæmda á tímabilinu febrúar til júlí 2010, flestar í apríl. Flestar uppsagnanna eru á höfuðborgarsvæðinu.

## Tilkynntar hópuppsagnir á árinu 2009

Alls bærur Vinnumálastofnun tilkynningar um uppsagnir 1.789 manns á árinu 2009 í hópuppsögnum. Mestur var fjöldinn í mannvirkjagerð (42%) og svo fjármálastarfsemi (18%), en einnig í iðnaði (12%) og flutningastarfsemi (9%).

